

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 64/2014

064-2014i

frá 16. maí 2014

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/445/ESB frá 29. ágúst 2013 um breytingu á viðauka E við tilskipun ráðsins 91/68/EBE að því er varðar fyrirmynd að heilbrigðisvottorðum fyrir viðskipti innan Sambandsins með sauðfé og geitur og heilbrigðiskröfur sem varða riðuveiki ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um lifandi dýr önnur en fisk og eldisdýr. Ísland er undanþegið löggjöf á þessu sviði eins og fram kemur í 2. mgr. inngangsorða I. kafla I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Íslands.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 4) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 2. lið (tilskipun ráðsins 91/68/EBE) í hluta 4.1 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„– **32013 D 0445**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/445/ESB frá 29. ágúst 2013 (Stjtið. ESB L 233, 31.8.2013, bls. 48).“

2. gr.

Norskur texti framkvæmdarákvörðunar 2013/445/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 17. maí 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*), eða gildistökuþing ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar um að fella reglugerð (ESB) nr. 630/2013 ⁽²⁾ inn í EES-samninginn, hvort sem ber upp síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 16. maí 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 233, 31.8.2013, bls. 48.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 179, 29.6.2013, bls. 60.